

Fundargerð 33. fundar skráningarráðs Gegnis mánudaginn 19. nóv. 2007

Haldinn hjá Landskerfi bókasafna í Borgartúni 37, herb. 5B kl. 13.30 – 16.30

Fundarmenn:

Hulda Ásgrímsdóttir, Jóhanna Diðriksdóttir (fundarritari), Ragna Steinarsdóttir og Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður). Auk þeirra sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir forstöðumaður kerfisþjónustu Landskerfis bókasafna.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt. Samþykkt að tilkynna á Vöndu þegar fundargerð liggur fyrir á vef Landskerfis.

2. Punktavandamál

Þóra talaði um að punktar á eftir höfundum væru nokkuð algengt vandamál í höfðalista. Höfðalistinn sýnir ekki alltaf það rétta, þ.e. punktur á eftir höfundi er ekki í öllum færslunum eins og virðist vera skv. höfðalistanum. Sigrún ætlar að skoða málið.

3. Greining útgáfuárs á bókum

Í framhaldi af umræðu síðasta fundar varðandi nýja færslu fyrir endurprentun með breyttu ISBN númeri var ákveðið að stytta tímenn sem líður á milli útgáfu og endurprentunar úr 10 í 5 ár. Reglurnar miðast aðallega við erlent efni. Það kom til tals að það þyrfti jafnvel að hafa sérreglur fyrir íslenskt efni. Skjalið látið standa óbreytt að öðru leyti. Það er minna mál að sameina færslur en að slíta þær í sundur. Mikilvægt að halda prentunum saman. Þóra tekur að sér að breyta skjalinu „Greining útgáfuárs á bókum“.

4. Skráning gagna á framandi tungumálum, safnfærslu o.fl.

Í framhaldi af umræðu síðasta fundar vegna fyrirspurnar um safnfærslur var ákveðið að Ragna tæki að sér að útbúa leiðbeiningar um safnfærslur fyrir efni með öðru lettri en latínuletri.

5. Útgáfustaður, útgefendur

Á fræðslufundi skrásetjara í október kom fram hve misræmi í höfðalistum útgáfustaða og útgefenda er bagalegt. Röng framsetning vill hlaða utan á sig og tafsamt að finna rétta mynd til að sækja. Það er ekki hægt að leiðrétta gegnum höfðalista vegna þess að breyting á einu deilisviði leiðir ranglega til breytinga á öðrum deilisviðum innan sviðsins. Eins og sakir standa er ekki annað í boði við leiðréttingar af þessum toga en að opna hverja færslu fyrir sig. Copenhagen var skoðuð og kom í ljós að það eru mjög margar útgáfur af Copenhagen og að það er erfitt að laga villur þegar eintakið er ekki við hendina. Það er þó hægt að laga augljósar villur. Ákveðið var að skipta vinnu við lagfæringar á prentsagnarsviði ekki niður á söfn að svo stöddu.

6. Landfræðiheiti

Ákveðið var að nauðsynlegt væri að gera nafnmyndafærslur með tilvísunum frá erlendu landfræðiheiti yfir í íslenskt. Gallinn við það er sá að vísar í innfluttum færslum verða rangir; síðari vísir 0 í stað 4. Einnig munu íslenskuð landfræðiheiti í sumum tilfellum birtast með undirefnisorðum á ensku (Bandaríkin – History).

7. Skráning á nótum

Jóhanna var með fyrirspurnir varðandi svið 028, 048 og 70012 varðandi skráningu á nótum og 518 sem birtist ekki. Hún sendir Sigrúnu og hjálp@landskerfi.is lista yfir það sem þarf að skoða varðandi birtingu á færslum fyrir nótur. Ákveðið var að tónlistarskráningarhópur yrði kallaður saman eftir áramót og þá yrði farið í að skoða svið 048. Sigrún stakk uppá að Jóhanna yrði verkefnisstjóri.

8. Leit að óvirkum vefslóðum

Þetta er á verkefnalista Landskerfis bókasafna. Nauðsynlegt er að fá lista yfir óvirka tengla. Ekki er verjandi að leggja í vinnu við að bæta tenglum í færslur fyrr en hægt er að fylgjast með því hvort þeir eru virkir.

9. Skráning tímaritsgreina

Þann 23. nóv. verður haldið námskeið í greiniskráningu tímarita. Umræða um að skipta niður tímaritum sem þarf að greiniskrá milli bókasafna. Rætt var um val á efni til skráningar úr einstökum heftum. Hvað ætti ekki að skrá

og að það mætti e.t.v. skrá meira af greinum sem eru ætlaðar fyrir almenning. Vinna þarf leiðbeiningar um greiniskráningu tímarita.

10. Önnur mál

Tekin var fyrir fyrirspurn Margrétar Björnsdóttur hjá Skólasafnamiðstöð, um undanþágu frá skráningarheimild fyrir nýráðinn starfsmann. Undanþáguheimildinni var hafnað.

Rætt var um birtingu á niðurstöðum þegar fleiri en 1000 færslur eru á bakvið efnið. Gamalt efni birtist en nýtt hverfur í 1000+ gatið. Sigrún ætlar að skoða þetta.

Fundi slitið um kl. 16.30